



Jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 1.mars 2004.

Fundur haldinn í jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 1.mars kl. 16:00 á veitingahúsinu Við Árbakkann

Mættir samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Framkvæmdaplan Jafnréttisáætlunar
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Rætt um að hafa framkvæmdaáætlun til 3. ár, enda er nauðsynlegt að hafa raunhæf markmið. Ýmislegt var rætt um það sem þyrfti að gera á þessu ári.
 - i. Kynning á jafnréttismálum á heimasíðu.
 - ii. Jafnréttisverðlaun.
 - iii. Launakönnun.Jafnréttisverðlaun voru veitt á bæjarstjórnarfundi, gekk mjög vel og hefur hlotið mikla jákvæða athygli, t.d. kom bréf frá Jafnréttisstofu þar sem Blönduósbæ var hrósað mikið. Miklar umræður urðu um jafnréttismál á fundinum, t.d. var rætt um réttindi barna, mæðra og feðra. Urðu heitar umræður og ákveðið að skoða hvort ekki væri við hæfi að stofna málefnaþópa til að ræða jafnréttismál. – Ákveðið var í framhaldi af þeirri umræðu að halda fund í nefndinni eftir þrjár vikur sem yrði auglýstur og bæjarbúum boðið að koma og ræða jafnréttismál.
2. Önnur mál engin.

Ekki fleira tekið fyrir og fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10

Jófríður Jónsdóttir
Ásta Þórisdóttir
Nína M.P.

Matthías Imsland